



Síldarvinnslan hf

**Samandreginn árshlutareikningur
samstæðu 1. janúar - 30. september 2022**



Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	2 - 3
Rekstrarreikningur samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2022	4
Yfirlit um heildarafkomu samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2022	5
Efnahagsreikningur samstæðu 30. september 2022	6 - 7
Eiginfjáryfirlit samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2022	8
Sjóðstreymi samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2022	9
Skýringar	10 - 17

Síldarvinnslan hf.

Kennitala 570269-7479

Hafnarbraut 6, Neskaupstað

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginstarfsemi samstæðunnar

Samstæða Síldarvinnslunnar hf. er í dag með öflugustu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og byggir starfsemin á yfir 60 ára reynslu í fiskvinnslu og útgerð. Samstæðan er ein sú stærsta á Íslandi í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski og stærsti framleiðandi á fiskimjöli og lýsi á Íslandi.

Samstæðan samanstendur af móðurfélaginu Síldarvinnslunni hf. og dótturfélögum sem eru í lok tímabilsins Bergur-Huginn ehf., Bergur ehf., Fóðurverksmiðjan Laxá hf., Fjárfestingafélagið Vör ehf. og Seley ehf.

Rekstur og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 246,9 milljónum dollara á tímabilinu og hagnaður af rekstrinum nam 62,8 milljónum dollara. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 734,6 milljónum dollara í lok tímabilsins og eigið fé nam 449,4 milljónum dollara en þar af var hlutdeild minnihluta í eigin fé samstæðunnar 2,4 milljónir dollara. Eiginfjárlutfall samstæðunnar var 61,2%.

Allt hlutfé í hlutdeildarfélaginu Hafnarbraut 2 ehf. var selt í byrjun árs 2022. Síldarvinnslan hf. festi kaup á jörðinni Fannardal í Norðfirði í byrjun árs 2022, en áformað er að nýta jörðina til skógræktar með kolefnisbindingu í huga. Sjá nánar í skýringu nr. 10.

Síldarvinnslan keypti í júní síðast liðnum 34,2% hlut í norska laxeldisfyrirtækinu Arctic Fish Holding AS. Arctic Fish Holding AS er skráð á Euronext Growth Market í Oslo og félagið á 100% hlut í Arctic Fish ehf. sem rekur laxeldisstöðvar á Vestfjörðum. Sjá nánar skýringu nr. 5.

Samningur um kaup Síldarvinnslunnar á öllu hlutfé í sjávarútvegsfélaginu Vísi hf. í Grindavík var undirritaður 10. júlí síðastliðinn. Kaupverð er greitt með hlutfé í Síldarvinnslunni 70% og 30% með reiðufé, sem verður fjármagnað að hluta með lánsfé. Kaupin voru háð hefðbundnum fyrirvörum sem hafa nú verið samþykktir. Vísir hf. og dótturfélög munu koma inn í samstæðuna frá og með 1. desember næstkomandi. Sjá nánar skýringu nr. 10.

Síldarvinnslan hf. og BioMar Group hafa undirritað viljayfirlýsingu um byggingu fóðurverksmiðju á Íslandi. Stefnt er að því að byggja umhverfisvæna verksmiðju þar sem kolefnisspor er lágmarkað með notkun umhverfisvænnar orku. Stefnt er að því að ljúka viðskiptaáætlunum og taka endanlega ákvörðun um verkefnið fyrir lok árs 2022 og framhaldinu verði hafist handa við byggingu verksmiðjunnar. Sjá nánar skýringu nr. 10.

Að mati stjórnenda er engin óvissa um horfur á helstu mörkuðum samstæðunnar vegna Covid-19, en á heildina litið hafa fjárhagsleg áhrif heimsfaraldursins á samstæðuna ekki haft veruleg áhrif hingað til.

Samkomulag hefur náðst við viðskiptaaðila Síldarvinnslunnar í Úkraínu um eftirgjöf á viðskiptakröfu Síldarvinnslunnar á hendur honum. Gengið var frá samkomulaginu í apríl 2022 og telst það vera fullnaðaruppgjör. Breytingar hafa orðið á vöruafhendingum inn á Úkraínu sem er mjög stór markaður í uppsjávarafurðum hjá Síldarvinnslunni. Í dag fara afhendingar fram í gámum úr geymslum í Litháen og Póllandi, í stað þess sem áður var þegar skipsfarmar fóru beint inn á Svartahafið. Þetta hefur leitt til þess að birgðahald hefur færst frá kaupendum yfir til Síldarvinnslunnar. Þrátt fyrir að mikil óvissa ríki vegna stríðsins fer mikið af vörum þangað og uppistaðan af þeim afurðum sem eru í birgðum hafa verið frátekna fyrir viðskiptavinum félagsins þar. Sjá nánar í skýringu nr. 7.

Ísfisktogarinn Vestmannaey VE 54 hélt til veiða í mars eftir fjögurra mánaða viðgerð en eldur kom upp í vélarúmi skipsins í október á síðasta ári. Fullnaðaruppgjör við tryggingafélag skipsins fór fram í október á þessu ári og eru í fullu samræmi við væntingar stjórnenda félagsins.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar er gerður til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að samstæðureikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2022, og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 30. september 2022. Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar hf. staðfesta hér með árs hlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2022 með undirritun sinni.

Neskaupstað, 24. nóvember 2022.

Þorsteinn Már Baldvinsson
Stjórnarformaður

Anna Guðmundsdóttir
Meðstjórnandi

Baldur Már Helgason
Meðstjórnandi

Björk Þórarinsdóttir
Meðstjórnandi

Guðmundur Rafnkell Gíslason
Meðstjórnandi

Gunnþór Ingvason
Forstjóri

Rekstrarreikningur samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2022

Skýringar	Þriðji ársfjórðungur		Fyrstu níu mánuðir ársins	
	2022	2021	2022	2021
	1.7-30.9	1.7-30.9	1.1-30.9	1.1-30.9
Rekstrartekjur				
Seldar vörur	79.257.118	71.480.626	246.912.240	170.684.675
Hagnaður af sölu eigna	0	540.134	0	715.097
	<u>79.257.118</u>	<u>72.020.760</u>	<u>246.912.240</u>	<u>171.399.772</u>
Rekstrargjöld				
Kostnaðarverð seldra vara	32.476.445	28.207.888	108.542.402	65.823.880
Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður	17.062.383	15.563.137	48.145.241	41.626.989
Annar rekstrarkostnaður	1.476.809	1.258.380	6.151.491	4.239.229
	<u>51.015.637</u>	<u>45.029.405</u>	<u>162.839.134</u>	<u>111.690.098</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	28.241.481	26.991.355	84.073.106	59.709.674
Afskriftir fastafjármuna	4	2.777.567	3.067.354	8.979.232
Rekstrarhagnaður		<u>25.463.914</u>	<u>23.924.001</u>	<u>75.093.874</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur og verðbætur	88.457	95.077	329.165	366.465
Vaxtagjöld og verðbætur	(2.023.509)	(824.788)	(4.144.901)	(2.702.223)
Gengismunur	(1.736.795)	(2.064.576)	3.751.992	870.255
Tekjur (gjöld) af verðbréfum og afleiðusamningum	565.347	(299.372)	4.281.575	2.815.854
	<u>(3.106.500)</u>	<u>(3.093.659)</u>	<u>4.217.831</u>	<u>1.350.351</u>
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna	5	(862.448)	21.861	(586.750)
Hagnaður af afhendingu dótturfélags		0	0	23.637.620
Hagnaður af sölu hlutdeildarfélags		0	253.458	0
Hagnaður fyrir skatta		21.494.966	20.852.203	78.978.413
Tekjuskattur		(4.875.720)	(3.528.846)	(16.190.489)
		<u>16.619.246</u>	<u>17.323.357</u>	<u>62.787.924</u>
Hagnaður tímabilsins		<u>16.619.246</u>	<u>17.323.357</u>	<u>62.787.924</u>
Hagnaður skiptist á eftirfarandi hátt:				
Eigendur félagsins		16.677.780	17.168.770	62.693.108
Hlutdeild minnihluta		(58.534)	154.587	94.816
		<u>16.619.246</u>	<u>17.323.357</u>	<u>62.787.924</u>
Hagnaður á hlut				
Hagnaður eigenda félagsins á útistandandi hlut		0,0098	0,0102	0,0369
				0,0412
Starfspáttayfirlit	3			
Ársfjórðungsyfirlit	11			

Yfirlit um heildarafkomu samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2022

	Þriðji ársfjórðungur		Fyrstu níu mánuðir ársins	
	2022 1.7-30.9	2021 1.7-30.9	2022 1.1-30.9	2021 1.1-30.9
Hagnaður tímabilsins	16.619.246	17.323.357	62.787.924	69.949.361
Önnur heildarafkoma				
<i>Liðir sem síðar munu verða endurflokkaðir yfir rekstur:</i>				
Þýðingarmunur vegna eignarhluta í félögum	(7.774.939)	(3.012.416)	(9.381.997)	(1.486.373)
Áhættuvarnir vegna langtímaskulda	0	0	0	736.812
Heildarafkoma tímabilsins	8.844.307	14.310.941	53.405.927	69.199.800
Heildarafkoma skiptist á eftirfarandi hátt:				
Eigendur félagsins	9.095.451	14.299.994	53.636.482	69.126.711
Hlutdeild minnihluta	(251.144)	10.947	(230.555)	73.089
	8.844.307	14.310.941	53.405.927	69.199.800

Efnahagsreikningur samstæðu 30. september 2022

Eignir	Skýringar	30.9.2022	31.12.2021
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir:			
Fiskveiðiheimildir		264.580.451	271.349.923
		<u>264.580.451</u>	<u>271.349.923</u>
Rekstrarfjármunir:	4		
Varanlegir rekstrarfjármunir		163.338.843	163.261.084
Fastafjármunir í smíðum		29.590.030	19.037.704
Leiguréttindi		1.211.667	1.089.809
		<u>194.140.540</u>	<u>183.388.597</u>
Fjárfestingar:			
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	5	124.999.956	14.811.947
Eignarhlutar í öðrum félögum		1.695.092	2.801.006
Skuldabréfaeign		84.974	94.209
		<u>126.780.022</u>	<u>17.707.162</u>
Fastafjármunir samtals		585.501.013	472.445.682
Veltufjármunir			
Birgðir	6	53.098.904	32.388.354
Viðskiptakröfur	7	36.415.993	43.466.707
Aðrar skammtímakröfur		10.563.289	4.430.954
Handbært fé		47.444.019	79.856.239
		<u>147.522.205</u>	<u>160.142.254</u>
Fastafjármunir sem haldið er til sölu		1.567.591	1.567.591
Veltufjármunir samtals		149.089.796	161.709.845
Eignir samtals		<u>734.590.809</u>	<u>634.155.527</u>

Efnahagsreikningur samstæðu 30. september 2022

Eigið fé og skuldir	Skýringar	30.9.2022	31.12.2021
Eigið fé			
Hlutfé		14.096.600	14.096.600
Yfirverðsreikningur hlutafjár		17.588.283	17.588.283
Annað bundið eigið fé		25.601.384	31.137.925
Óráðstafað eigið fé		389.692.523	357.037.020
		<u>446.978.790</u>	<u>419.859.828</u>
Hlutdeild minnihluta		2.430.849	2.661.403
		<u>449.409.639</u>	<u>422.521.231</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir og skuldbindingar:			
Skuldir við lánastofnanir	8	145.545.967	113.654.475
Tekjuskattsskuldbinding		52.039.528	53.275.448
		<u>197.585.495</u>	<u>166.929.923</u>
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir		0	1.217.538
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	8	41.590.231	8.382.929
Reiknaðir skattar tímabilsins		15.644.002	11.149.898
Víðskiptaskuldir		11.063.275	12.452.885
Aðrar skammtímaskuldir		13.573.666	9.047.557
Skuldir við tengd félög	9	5.724.501	2.453.566
		<u>87.595.675</u>	<u>44.704.373</u>
Skuldir samtals		285.181.170	211.634.296
Eigið fé og skuldir samtals		<u>734.590.809</u>	<u>634.155.527</u>
Aðrar upplýsingar	10		

Eiginfjáryfirlit samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2022

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Annað eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
1. janúar - 30. sept. 2022:						
Staða í ársbyrjun	14.096.600	17.588.283	31.137.925	357.037.020	2.661.403	422.521.231
<i>Heildarafkoma:</i>						
Hagnaður tímabilsins				62.693.108	94.816	62.787.924
Þýðingarmunur			(9.056.627)		(325.370)	(9.381.997)
Bundinn						
- hlutdeildarreikningur			4.085.504	(4.085.504)		0
- gangvirðisreikningur			(565.418)	565.418		0
	0	0	(5.536.541)	59.173.023	(230.554)	53.405.927
<i>Eigendur:</i>						
Greiddur arður				(26.517.519)		(26.517.519)
Staða í lok tímabils	14.096.600	17.588.283	25.601.384	389.692.523	2.430.849	449.409.639
	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Annað eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
1. janúar - 30. sept. 2021:						
Staða í ársbyrjun	13.967.526	10.070.499	33.240.148	324.809.669	4.184.269	386.272.111
<i>Heildarafkoma:</i>						
Hagnaður tímabilsins				69.737.103	212.258	69.949.361
Þýðingarmunur			(1.347.204)		(139.169)	(1.486.373)
Áhættuvörn						
vaxtaskiptasamninga			921.015			921.015
Tekjuskattsáhrif			(184.203)			(184.203)
Bundinn						
- hlutdeildarreikningur			(905.264)	905.264		0
- gangvirðisreikningur			1.024.218	(1.024.218)		0
	0	0	(491.438)	69.618.149	73.089	69.199.800
<i>Eigendur:</i>						
Seldir eigin hlutir	129.074	7.517.784				7.646.858
Greiddur arður				(54.458.538)		(54.458.538)
Viðskipti við						
minnihlutaeigendur				(1.716.543)	(1.702.302)	(3.418.845)
	129.074	7.517.784	0	(56.175.081)	(1.702.302)	(50.230.525)
Staða í lok tímabils	14.096.600	17.588.283	32.748.710	338.252.737	2.555.056	405.241.386

Sjóðstreymi samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2022

	Skýringar	2022 1.1-30.09	2021 1.1-30.9
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri		62.787.924	69.949.361
Hagnaður tímabilsins			
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	4	8.979.232	8.057.024
Aðrir liðir		725.481	(27.850.586)
Hreint veltufé frá rekstri		<u>72.492.637</u>	<u>50.155.799</u>
Hækkun rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(2.391.453)	(14.028.487)
Birgðir		(21.056.677)	(7.467.599)
Hækkun rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		8.181.359	7.407.736
		<u>(15.266.771)</u>	<u>(14.088.350)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>57.225.866</u>	<u>36.067.449</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	4	(6.298.642)	(11.874.488)
Fjárfest í fastafjármunum í smíðum	4	(15.908.800)	(23.872.761)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		(241.909)	222.873
Leiguréttindi, breyting	4	(168.563)	0
Sala fastafjármuna sem haldið er til sölu		0	3.791.398
Breytingar á skuldabréfaeign		0	394.298
Fjárfesting í nýju dótturfélagi		0	(39.460.627)
Keyptur eignarhluti minnihluta		0	(3.418.845)
Handbært fé dótturfélags sem fer úr samstæðu		0	(7.093.614)
Seldir eignarhlutar í hlutdeildarfélögum		326.361	0
Arður frá hlutdeildarfélögum	5	278.081	3.131.808
Keyptir eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	5	(114.999.222)	0
Keyptir eignarhlutar í öðrum félögum		(36.903)	0
Seldir eignarhlutar í öðrum félögum		751.442	1.190
		<u>(136.298.155)</u>	<u>(78.178.768)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Nýjar langtímaskuldir		83.030.127	84.928.230
Afborganir langtímaskulda		(7.624.895)	(74.244.325)
Viðskipti með eigin bréf		0	6.104.017
Greiddur arður		(26.517.519)	(595.873)
Breyting á skammtímaskuldum við lánastofnanir		(1.196.252)	1.226.257
		<u>47.691.461</u>	<u>17.418.306</u>
Lækkun á handbæru fé		<u>(31.380.828)</u>	<u>(24.693.013)</u>
Handbært fé í byrjun árs		79.856.239	90.119.415
Áhrif gengisumreiknings dótturfélaga		(1.031.392)	(579.178)
Handbært fé í lok tímabils		<u>47.444.019</u>	<u>64.847.224</u>
Aðrar upplýsingar			
Innborgaðir vextir og arðstekjur		298.747	513.336
Greiddir vextir og gengismunur		(5.170.446)	(2.401.976)
Greiddir skattar		(6.059.464)	(6.469.425)
Fjárfestinga- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa:			
Afhending á dótturfélagi með arðgreiðslu til hluthafa		0	(53.862.665)

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Síldarvinnslan hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Hafnarbraut 6, Neskaupstað. Árshlutareikningur samstæðunnar hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“. Aðalstarfsemi félagsins er rekstur fiskvinnslu og útgerð.

Árshlutareikningur samstæðunnar var samþykktur á stjórnarfundum félagsins þann 24. nóvember 2022.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Síldarvinnslunnar hf. fyrir tímabilið janúar til september 2022 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34. Samandregni árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa með hliðsjón af ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2021.

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru þær sömu og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2021. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

2.2 Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareiknings samstæðu þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Þó svo að matið sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

2.3 Breyting á samanburðarfjárhæðum

Til að gæta samræmis við núverandi framsetningu hefur samanburðartölum í árshlutareikningnum verið breytt. Tekjur, sem skilgreindar voru sem aðrar tekjur, hafa verið endurskilgreindar af stjórnendum samstæðunnar. Tekjurnar eru nú flokkaðar með tekjum af útgerð og tilgreindar meðal seldra vara. Til að gæta samræmis við núverandi skilgreiningu hefur samanburðartölum í árshlutareikningnum verið breytt. Þá hefur áður birt starfspáttayfirlit fyrir samanburðar tímabilið tekið samsvarandi breytingum.

3. Starfspáttayfirlit

Rekstrarstarfspáttayfirlit eru skilgreindir í samræmi við eðli rekstrar og innri skýrslugjöf samstæðunnar. Samstæðan skilgreinir hjá sér tvo starfspáttayfirlit, *Útgerð* og *Landvinnslu*. Aðrir starfspáttayfirlit falla undir liðinn *Annað*.

	Útgerð	Landvinnsla	Annað	Eigin afli	Jöfnunar- færslur	Samtals
1.1 - 30.9.2022						
Seldar vörur	105.816.689	188.434.418	18.982.246	(56.114.088)	(10.207.025)	246.912.240
Kostnaðarverð seldra vara	39.032.519	119.057.864	16.773.132	(56.114.088)	(10.207.025)	108.542.402
Laun, aflahlutir og annar starfsm.kostn.	33.459.883	12.014.329	2.671.029	0	0	48.145.241
Annar rekstrarkostn.	2.021.189	1.889.783	2.240.519	0	0	6.151.491
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir	31.303.098	55.472.442	(2.702.434)	0	0	84.073.106
Afskriftir fastafjármuna	(6.086.562)	(2.762.100)	(130.570)	0	0	(8.979.232)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)						4.217.831
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélag						(586.750)
Hagnaður af sölu hlutdeildarfélag						253.458
Tekjuskattur						(16.190.489)
Hagnaður tímabilsins						62.787.924
Fjárfestingar	(89.201)	(21.988.210)	(130.031)	0	0	(22.207.442)
Rekstrarfjármunir	115.298.721	74.607.361	4.234.458	0	0	194.140.540
Óefnislegar eignir, óskiptar						264.580.451
Aðrar eignir, óskiptar						275.869.818
Skuldir, óskiptar						(285.181.170)

Skýringar

3. Starfspáttayfirlit (framhald)

	Útgerð	Landvinnsla	Annað	Eigin afli	Jöfnunar- færslur	Samtals
1.1. - 30.9.2021						
Seldar vörur	82.565.210	121.823.101	14.946.402	(39.833.653)	(8.816.385)	170.684.675
Hagnaður af sölu eigna	537.599	177.498	0	0	0	715.097
Kostnaðarverð seldra vara	29.862.562	71.212.204	13.399.152	(39.833.653)	(8.816.385)	65.823.880
Laun, aflahlutir og annar starfsm.kostn.	27.331.592	11.502.376	2.793.021	0	0	41.626.989
Annar rekstrarkostn.	995.781	572.478	2.670.970	0	0	4.239.229
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir	24.912.874	38.713.541	(3.916.741)	0	0	59.709.674
Afskriftir fastafjármuna	(4.994.589)	(2.924.994)	(137.441)	0	0	(8.057.024)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)						1.350.351
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélagi						3.721.654
Hagnaður af afhendingu dótturfélags						23.637.620
Tekjuskattur						(10.412.914)
Hagnaður tímabilsins						69.949.361
Fjárfestingar	(24.498.531)	(9.127.584)	(1.898.261)	0	0	(35.524.376)

Tekjuaukningu samstæðunnar á milli þriggja ársfjórðunga árið 2022 og 2021, að fjárhæð um 76,2 milljónir dollara, má að langstærstum hluta rekja til aukningar á framleiðsluverðmætum vegna stærri loðnukvóta. Þá eru verð á mjöli og lýsi mun hærri en á sama tímabili í fyrra.

4. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir felast í varanlegum rekstrarfjármunum og fjárfestinga í smíðum. Leiguréttindi eru jafnframt flokkuð meðal rekstrarfjármuna. Varanlegir rekstrarfjármunir sundurliðast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Skip og fylgihlutir	Verksmiðju- vélar og tæki	Samtals
Í lok tímabils 30.9.2022:				
Bókfært verð í ársbyrjun	22.428.099	122.772.113	18.060.872	163.261.084
Viðbót ársins	4.551.309	89.201	1.658.132	6.298.642
Bókfært verð seldra eigna	0	0	(100.276)	(100.276)
Flutt af fastafjármunum í smíðum	4.552.561	0	586.917	5.139.478
Áhrif gengisbreytinga	22.091	(2.223.055)	(126.594)	(2.327.558)
Afskriftir	(1.110.558)	(5.856.140)	(1.965.829)	(8.932.527)
Bókfært verð í lok tímabils	30.443.502	114.782.119	18.113.222	163.338.843
	Fasteignir og lóðir	Skip og fylgihlutir	Verksmiðju- vélar og tæki	Samtals
Bókfært verð í lok 30.9.2022 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	75.790.203	163.351.997	107.686.813	346.829.013
Afskrifað samtals	(45.346.701)	(48.569.878)	(89.573.591)	(183.490.170)
Bókfært verð í lok tímabils	30.443.502	114.782.119	18.113.222	163.338.843
Afskriftahlutfall á ári	0-6%	4-10%	6-20%	

Skýringar

4. Rekstrarfjármunir (framhald)

Afskriftir greinast þannig:	1.1.-30.9.2022	1.1.-30.9.2021
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	8.932.527	8.030.360
Afskriftir leiguréttinda	46.705	26.664
	<u>8.979.232</u>	<u>8.057.024</u>

Fastafjármunir í smíðum

Fiskimjölsverksmiðja í Neskaupstað

Á árinu 2021 hófust framkvæmdir við stækkun fiskimjölsverksmiðju og löndunarhúss Síldarvinnslunnar í Neskaupstað. Löndunarhúsið er stækkað um 300 fermetra og í því verður komið fyrir búnaði sem mun tvöfalda afköstin við vinnslu á loðnuhrognum. Hrognavinnslan hefur verið tekin í notkun og var fjárfesting vegna hennar flutt á varanlega rekstrarfjármuni, alls 5,1 milljónir USD. Stækkun fiskimjölsverksmiðjunnar er hins vegar skipt í tvo áfanga. Í fyrri áfanganum er reist 2000 fermetra verksmiðjuhús og komið upp lítilli verksmiðjueiningu sem á að geta afkastað 380 tonnum á sólarhring. Litlu verksmiðjueiningunni er fyrst og fremst ætlað að vinna afskurð frá fiskiðjuveri fyrirtækisins auk þess sem hún mun nýtast við þróunarverkefni og spara töluverða orku. Litla verksmiðjan er komin í notkun í október 2022. Í síðari áfanganum verður komið upp búnaði sem eykur afkastagetu verksmiðjunnar úr 1.800 tonnum á sólarhring í 2.380 tonn. Áætlaður heildarkostnaður við þessar framkvæmdir er um 40 milljónir USD. Áætluð verklok þessarar framkvæmda er á fyrri hluta ársins 2023. Heildarkostnaður verksins nemur 29,6 milljónir USD í lok tímabilsins.

Greiðslur og kostnaður vegna nýsmíða eru sem hér greinir:

	Samtals
Breytingar á kostnaði vegna fastafjármuna í smíðum	1.1.-30.9.2022
Heildarverð í ársbyrjun	19.037.704
Fjárfesting tímabilsins	15.908.800
Flutt á varanlega rekstrarfjármuni	(5.139.478)
Áhrif gengisbreytinga	(216.996)
Heildarverð í lok tímabils	<u>29.590.030</u>

Leiguréttindi

Félög innan samstæðunnar hafa gert langtímaleigusamninga um leigu á nótahólfum. Samingarnir eru til 25 ára en leigutaki hefur rétt til ótímabundinnar framlengingar á leigu að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Umsamin leigufjárhæð var öll greidd á árinu 2019 og færð sem langtímakrafa. Á árinu 2022 voru tvö nótahólf tekin til viðbótar á leigu og umsamin leigufjárhæð öll greidd í byrjun árs. Leiguréttindin eru afskrifuð á 25 árum. Þróun leigueignar greinist þannig á tímabilinu:

	1.1.-30.9.2022	1.1.-30.9.2021
Leiguréttindi í upphafi árs	1.089.809	1.162.392
Viðbót	168.563	0
Afskrift leiguréttinda	(46.705)	(26.664)
Áhrif gengisbreytinga	0	11.106
	<u>1.211.667</u>	<u>1.146.834</u>

5. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Kaup á Arctic Fish Holding AS

Síldarvinnslan keypti í júní síðastliðnum 34,2% hlut í norska laxeldisfyrirtækinu Arctic Fish Holding AS og nam kaupverðið NOK 1.089.968.400 (USD 115 milljónir). Arctic Fish Holding AS er skráð á Euronext Growth Market í Oslo og félagið á 100% hlut í Arctic Fish ehf. sem rekur laxeldisstöðvar á Vestfjörðum og er með leyfi fyrir 27.000 tonna eldi í sjó, auk þess að reka seiðaeldisstöð á Tálknafirði. Fyrirtækið er í mikilli uppbyggingu á Bolungarvík þar sem verið er að byggja laxaslátrun. Fyrir hlutinn er greitt með reiðufé og lánsfé. Á hluthafafundi Arctic Fish AS þann 18. júlí var framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar kosinn í stjórn félagsins. Fjárfestingin er skilgreind sem eignarhlutur í hlutdeildarfélögum hjá samstæðunni. Afkomuhlutdeild er færð frá því að áhrif urðu virk, þ.e. frá og með júlí 2022.

Skýringar

5. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum (framhald)

Samhliða kosningu framkvæmdastjóra Síldarvinnslunnar hefur fjárfesting Síldarvinnslunnar í Arctic Fish verið endurmetin gagnvart yfirverði í viðskiptunum miðað við nýjustu fyrirliggjandi upplýsingar frá Arctic Fish þar sem Síldarvinnslan telst nú hafa veruleg áhrif til samræmis við ákvæði alþjóðlegs reikningsskilastaðals IFRS 28. Matið byggir á upplýsingum úr hálfársuppgjöri Arctic Fish.

Eftirfarandi upplýsingar eru úr hálfársuppgjöri Arctic Fish Holding AS fyrir árið 2022 sem lá til grundvallar mati á yfirverði í viðskiptunum. (Fjárhæðir í USD).

Eignir og skuldir keyptar

Fastafjármunir	89.904.214
Veltufjármunir	64.643.411
Eignir samtals	154.547.625
Eigið fé	100.448.393
Langtímaskuldir	36.425.393
Skammtímaskuldir	17.673.839
Skuldir og eigið fé samtals	154.547.625
Yfirverð	
Kaupverð	114.999.222
Eigið fé 34,2%	(34.353.316)
Yfirverð	80.645.906

Yfirverð við kaupin nam USD 80.645.906. Stjórnendur vinna að því að útteila yfirverði á eignir og skuldir félagsins og verður þeirri vinnu lokið á árinu 2022. Í lok tímabilsins nam skráð markaðsvirði bréfa Síldarvinnslunnar í Arctic Fish Holding AS USD 95.000.515 (NOK 1.031.110.106).

Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum í lok tímabilsins:	Eignarhlut- deild í %	Hlutdeild í afkomu	Bókfært verð í lok árs
Atlantic Coast Fisheries Corp., Bandaríkjunum.....	100,00%	171.397	3.764.139
SR-Vélaverkstæði hf., Siglufirði.....	37,30%	81.304	498.861
Arctic Fish Holding AS, Noregi.....	34,20%	(843.016)	111.403.286
Polar Pelagic A.S., Grænlandi.....	33,00%	(235.505)	7.890.315
G. Skúlason vélaverkstæði hf., Neskaupstað.....	24,95%	118.937	397.414
Rauðaþing ehf., Kópavogur.....	24,95%	57.623	397.492
Miðhús ehf., Neskaupstað.....	46,70%	62.510	648.449
		(586.750)	124.999.956

Allur eignarhluti samstæðunnar í hlutdeildarfélaginu Hafnarbraut 2 ehf. var seldur í byrjun árs 2022. Söluverðið nam um 42,2 milljónum króna (USD 326,4 þús.).

Starfsemi Atlantic Coast Fisheries Corp. fellst í 25% eignarhaldi á F/V Holdings LLC sem er útgerðarfélag í Bandaríkjunum. Af þeim sökum er eignahluturinn færður sem hlutdeildarfélag.

Breyting á eignarhlutum í hlutdeildarfélögum greinast á eftirfarandi hátt:	1.1. - 30.9.2022	1.1. - 30.9.2021
Hlutdeild 1/1	14.811.947	38.737.960
Hrein hlutdeild í afkomu	(586.750)	3.721.654
Mótttekinn arður	(278.081)	(3.131.808)
Kaup á hlutdeildarfélagi	114.999.222	0
Breyting á virkri eignarhlutdeild og aðrar breytingar	(140.709)	(23.655.174)
Áhrif gengisbreytinga	(3.805.673)	(860.685)
	124.999.956	14.811.947

Skýringar

6. Birgðir

Birgðir greinast þannig:	30.9.2022	31.12.2021
Hráefni	1.778.086	2.920.261
Fullunnar afurðabirgðir	42.249.136	20.089.805
Rekstrarvörur	3.089.125	3.864.905
Veiðarfæri	5.982.557	5.513.383
	<u>53.098.904</u>	<u>32.388.354</u>

Fullunnar afurðabirgðir voru að kostnaðarverði 42,2 milljónir dollara þann 30.9.2022 samanborið við 20,1 milljónir dollara þann 31.12.2021. Að mati stjórnenda mun skilaverð fullunninna afurðabirgða í lok tímabilsins nema allt að 60,2 milljónum dollara í samanburði við 27,8 milljónir dollara í lok árs 2021.

Vörubirgðir félagsins á reikningsskiladegi eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði í lok september 2022 og byggir m.a. á útreikningum um framlegð og öðrum viðeigandi forsendum. Að mati stjórnenda er seljanleiki frystra uppsjávarbirgða almennt góður en ástandið í Úkraínu gerir það að verkum að erfiðleikar eru við afhendingu á vörum félagsins sem hefur áhrif á birgðastöðu þess.

7. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	30.9.2022	31.12.2021
Almennar viðskiptakröfur	13.915.820	16.778.447
Viðskiptakröfur á tengd félög	22.860.173	29.334.843
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(360.000)	(2.646.583)
	<u>36.415.993</u>	<u>43.466.707</u>

Kröfur á tengda aðila eru tilgreindar með viðskiptakröfum í efnahagsreikningi en kröfurnar eru allar tilkomnar vegna reglubundinna viðskipta. Á meðal krafna á tengda aðila er krafa á sölufyrirtækið Ice Fresh Seafood ehf., sem er söluumboðsfyrirtæki Síldarvinnslunnar og telst vera tengdur aðili. Á bak við kröfuna eru fjölmargar kröfur sölufyrirtækisins á aðila í ýmsum löndum. Samkvæmt samningi milli samstæðunnar og sölufyrirtækisins ber Síldarvinnslan útlánaáhættuna verði greiðslufall hjá endanlegum skuldara að kröfunni.

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:	30.9.2022	31.12.2021
Staða í ársbyrjun	(2.646.583)	(558.565)
Breyting á niðurfærslu	(996.200)	(2.140.139)
Tapaðar viðskiptakröfur á tímabilinu	3.270.000	49.085
Áhrif gengisbreytinga	12.783	3.036
Staða í lok tímabils	<u>(360.000)</u>	<u>(2.646.583)</u>

Samstæðan fylgir fyrirmælum alþjóðlegs reikningsskilastaðals IFRS 9 um niðurfærslu viðskiptakrafna. Viðskiptakröfur eru færðar niður með einfaldri aðferð og byggir matið á sögulegum gögnum um tapsreynslu ásamt því að horft er til efnahagslegra umhverfisþátta á reikningsskiladegi, og væntinga til framtíðar, að svo miklu leyti sem það er heimilt samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Samkomulag hefur náðst við viðskiptaaðila Síldarvinnslunnar í Úkraínu um eftirgjöf á viðskiptakröfu Síldarvinnslunnar á hendur honum. Gengið var frá samkomulaginu í apríl 2022 og telst það vera fullnaðaruppgjör. Samkvæmt uppgjörinu gefur Síldarvinnslan eftir 3.270.000 USD af viðskiptakröfu sinni en krafan hafði verið færð niður á árinu 2021, um 2.447.500 USD. Í árs hlutareikningnum er því aukin niðurfærsla sem nemur 822.500 USD á tímabilinu. Niðurfærslan er færð meðal annars rekstrarkostnaðar.

Skýringar

8. Skuldir við lánastofnanir

Langtímaskuldir við lánastofnanir:	30.9.2022	31.12.2021
Skuldir í USD	117.378.749	58.009.284
Skuldir í EUR	46.245.278	33.328.409
Skuldir í GBP	8.458.213	10.888.807
Skuldir í NOK	11.183.353	14.772.493
Skuldir í JPY	3.870.605	5.038.411
	<u>187.136.198</u>	<u>122.037.404</u>
Afborganir næstu 12 mánaða	(41.590.231)	(8.382.929)
Langtímaskuldir í lok tímabils	<u>145.545.967</u>	<u>113.654.475</u>
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:		Skuldir við lánastofnanir
Afborganir næstu 12 mánaða		41.590.231
Afborganir á árinu 2023-2024		11.208.137
Afborganir á árinu 2024-2025		11.208.137
Afborganir á árinu 2025-2026		67.360.754
Afborganir á árinu 2026-2027		51.009.643
Afborganir síðar		4.759.297
		<u>187.136.198</u>
Langtímaskuldir samtals USD 187.136.198, koma þannig fram í efnahagsreikningi:		30.9.2022
Afborganir næstu 12 mánaða , færðar meðal skammtímaskulda.....		41.590.231
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar		145.545.968
		<u>187.136.198</u>

9. Tengdir aðilar

Samstæðan er í dreifðri eignaraðild. Tengdir aðilar samstæðunnar eru hlutdeildarfélög, stjórnir félaga í samstæðunni, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa veruleg áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Tímabilið 1. janúar - 30. september 2022	Seldar vörur og þjónusta	Keyptar vörur og þjónusta	Viðskipta-kröfur	Viðskipta-skuldir
Hlutdeildarfélög.....	531.154	11.596.718	11.739	1.490.327
Hluthafar félagsins og félög í þeirra eigu.....	73.674.245	29.520.009	22.848.434	4.234.174
	<u>74.205.399</u>	<u>41.116.727</u>	<u>22.860.173</u>	<u>5.724.501</u>
Árið 2021	Seldar vörur og þjónusta	Keyptar vörur og þjónusta	Viðskipta-kröfur	Viðskipta-skuldir
Hlutdeildarfélög.....	415.931	3.714.077	339.967	750.345
Hluthafar félagsins og félög í þeirra eigu.....	132.002.103	16.714.176	28.994.876	1.703.221
	<u>132.418.034</u>	<u>20.428.253</u>	<u>29.334.843</u>	<u>2.453.566</u>

Kröfur á tengda aðila eru tilkomnar vegna hefðbundinna viðskipta og eru því tilgreindar meðal viðskiptakrafna.

Skýringar

10. Aðrar upplýsingar

Keypt jörð

Síldarvinnslan hf. keypti jörðina Fannardal í Norðfirði í byrjun árs 2022, þar sem áformað er að nýta jörðina til skógræktar með kolefnisbindingu í huga. Ennfremur verða skoðaðir möguleikar til virkunar vatns sem rennur á jörðinni, auk þess eru til skýrslur sem sýna fram á möguleika á að finna heitt vatn á jörðinni og verða þeir skoðaðir. Unnið er að samningi við Skógræktarfélag Íslands varðandi uppgræðslu trjáa á jörðinni. Kaupverð jarðarinnar nam 95 milljónum króna (USD 732,5 þús.). Óbyggðanefnd hefur gert kröfu til landsins og eru lögfræðingar Síldarvinnslunnar að skoða málin. Óvíst er um niðurstöðu málsins, en viðauki við kaupsamning hefur verið gerður, sem gerir ráð fyrir að kaupverð verði endurmetið verði krafa Óbyggðanefndar að veruleika. Dómkvaddir matsmenn verða fengnir til verksins.

Kaup á Vísi hf.

Þann 10. júlí síðastliðinn var skifað undir kaup Síldarvinnslunnar hf. á öllu hlutafé í sjávarútvegsfélaginu Vísi hf. í Grindavík. Kaupverð hlutafjár er 20 milljarðar króna (USD 146 milljónir). Endanlegt kaupverð miðast þó við gengi á hlutabréfum í Síldarvinnslunni við afhendingu þeirra til seljanda (hluthafa Vísis). Nettó skuldbindingar Vísis nema um 11 milljörðum króna (USD 85 milljónum). Vísir er öflugt bolfskfélag sem hefur yfir að ráða rúmum 15 þúsund þorskígildistönnum af aflaheimildum í bolfsk. Félagið rekur 4 skip í aflamarkskerfinu og 2 báta í krókaflamarki, auk þess að vera með hátækni bolfskinnslu í Grindavík ásamt saltfiskverkun. Kaupverð verður greitt með hlutafé í Síldarvinnslunni 70% og 30% með reiðufé, sem verður fjármagnað að hluta með lánsfé. Heimild fyrir hækkun hlutafjár í Síldarvinnslunni vegna kaupanna var samþykkt á hluthafafundi þann 18. ágúst 2022.

Kaupin voru háð samþykki Samkeppniseftirlitsins og niðurstöðu áreiðanleikakönnunnar. Fyrir liggur að þessum fyrirvörum hefur verið fullnægt. Áhrif kaupanna og afhending hlutafjár á grundvelli hækkunar verða í lok nóvember. Vísir hf. og dótturfélög munu því koma inn í samstæðu Síldarvinnslunnar frá og með 1. desember 2022.

Viljayfirlýsing um byggingu fóðurverksmiðju á Íslandi undirrituð

Síldarvinnslan hf. og BioMar Group hafa undirritað viljayfirlýsingu um byggingu fóðurverksmiðju á Íslandi. Stefnt er að því að byggja umhverfisvæna verksmiðju þar sem kolefnisspor er lágmarkað með notkun umhverfisvænnar orku. Síldarvinnslan hefur frá árinu 2002 verið meirihluta eigandi í Fóðurverksmiðjunni Laxá ehf. á Akureyri en það félag er stærsti framleiðandi fiskafóðurs á Íslandi.

Með verkefninu skapast tækifæri til að nýta framleiðslu Síldarvinnslunnar til fóðurgerðar með þeim aðferðum sem BioMar hefur þróað með ítarlegum rannsóknum. Framleiðsla BioMar er þekkt hér á landi en Fóðurverksmiðjan Laxá hefur flutt inn og dreift framleiðsluvörum BioMar um nokkurra ára skeið.

Stefnt er að því að ljúka viðskiptaáætlunum og taka endanlega ákvörðun um verkefnið fyrir lok árs 2022 og framhaldinu verði hafist handa við byggingu verksmiðjunnar. Bygging fóðurverksmiðju er mikilvægur þáttur í að auka samkeppnishæfni Íslands og eykur þekkingu Síldarvinnslunnar á undirstöðu fiskeldis sem byggir á góðu fóðri.

Skýringar

11. Ársfjórðungsyfirlit

Rekstur samstæðunnar á árinu greinist þannig eftir ársfjórðungum:

	3 F 2022	2 F 2022	1 F 2022	Samtals
Seldar vörur.....	79.257.118	67.088.086	100.567.036	246.912.240
Rekstrartekjur.....	79.257.118	67.088.086	100.567.036	246.912.240
Kostnaðarverð seldra vara.....	32.476.445	28.808.358	47.257.599	108.542.402
Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður.....	17.062.383	12.576.731	18.506.127	48.145.241
Annar rekstrarkostnaður.....	1.476.809	2.352.222	2.322.460	6.151.491
Rekstrargjöld.....	51.015.637	43.737.311	68.086.186	162.839.134
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir.....	28.241.481	23.350.775	32.480.850	84.073.106
Afskriftir fastafjármuna.....	2.777.567	3.141.156	3.060.509	8.979.232
Rekstrarhagnaður.....	25.463.914	20.209.619	29.420.341	75.093.874
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(3.106.500)	3.046.488	4.277.843	4.217.831
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna.....	(862.448)	(787.870)	1.063.568	(586.750)
Hagnaður af afhendingu dótturfélags.....	0	70.204	183.254	253.458
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....	21.494.966	22.538.441	34.945.006	78.978.413
Tekjuskattur.....	(4.875.720)	(3.856.832)	(7.457.937)	(16.190.489)
Hagnaður tímabilsins.....	16.619.246	18.681.609	27.487.069	62.787.924

Rekstur samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar - 30. september 2021 greinist þannig eftir ársfjórðungum:

	3 F 2021	2 F 2021	1 F 2021	Samtals
Seldar vörur.....	71.480.626	46.826.724	52.377.325	170.684.675
Hagnaður af sölu eigna.....	540.134	174.963	0	715.097
Rekstrartekjur.....	72.020.760	47.001.687	52.377.325	171.399.772
Kostnaðarverð seldra vara.....	28.207.888	18.832.046	18.783.946	65.823.880
Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður.....	15.563.137	13.665.351	12.398.501	41.626.989
Annar rekstrarkostnaður.....	1.258.380	1.656.491	1.324.358	4.239.229
Rekstrargjöld.....	45.029.405	34.153.888	32.506.805	111.690.098
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir.....	26.991.355	12.847.799	19.870.520	59.709.674
Afskriftir fastafjármuna.....	3.067.354	2.447.696	2.541.974	8.057.024
Rekstrarhagnaður.....	23.924.001	10.400.103	17.328.546	51.652.650
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(3.093.659)	603.305	3.840.705	1.350.351
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna.....	21.861	(380.850)	4.080.643	3.721.654
Hagnaður af afhendingu dótturfélags.....	0	23.637.620	0	23.637.620
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....	20.852.203	34.260.178	25.249.894	80.362.275
Tekjuskattur.....	(3.528.846)	(2.697.978)	(4.186.090)	(10.412.914)
Hagnaður tímabilsins.....	17.323.357	31.562.200	21.063.804	69.949.361